

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 210/2015

2017/EES/19/14

frá 25. september 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/539 frá 31. mars 2015 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):

„– **32015 R 0539**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/539 frá 31. mars 2015 (Stjtíð. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 7).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 98. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/402):

„99. **32015 R 0539**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/539 frá 31. mars 2015 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (Stjtíð. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/539, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 7.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Ingrid Schulerud***

formaður.